# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

273. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 20. NÓVEMBER 2017





**Þrír voru fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur eftir að rúta fór á hliðina á Snæfellsnesvegi við Lýsuhól á sjötta tímanum í gær. Að auki voru lögregla, sjúkralið og björgunarsveitir kölluð til aðstoðar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru fimmtán í bílnum og einungis þrír kvörtuðu ekki undan eymslum. Vonskuveður var og töluverð hálka á vegum. Á myndinni sést sjúkraflutningamaður við rútuna.** MYND/ÆGIR ÞÓR ÞÓRSSON

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Salvör Nordal skrifar um alþjóðlegan dag barna. 10

**SPORT** Björn Lúkas fékk silfur á HM áhugamanna í MMA. 12

**LÍFIÐ** Íslandsvinurinn Gabrielle Maiden leikur Mick í Stranger Things. 26

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR** ● **NÝTNIVIKAN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Notkun sykursýkislyfja þrefaldast á þessari öld

**Aukning í notkun sykursýkislyfja mun meiri en annars staðar á Norðurlöndum. Erum of feit og neytum sykurs í óhófi að mati sérfræðinga. Landlæknir segir mögulegt að fækka tilfellum af sykursýki 2 með hreyfingu og betra mataræði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sykursýkislyfjanotkun Íslendinga hefur þrefaldast á þessari öld. Árið 2000 voru notaðir um 15 dagskammtar af sykursýkislyfjum á hverja þúsund íbúa hér á landi. Fimmtán árum síðar hafði þessi tala hækkað upp í 46 skammta.

Þetta sýna tölur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Rafn Benediktsson, yfirlæknir innkirtlalækninga á Landspítalanum, segir sykursýki vera alheimsfaraldur.

„Það er faraldur sykursýki í heiminum. Þessi faraldur hefur breiðst út í áratugi og snýr að langmestu leyti að lífsstíl okkar á Vesturlöndum,“ segir Rafn. „Við þyngjumst hratt hér á landi og hreyfingarleysi og offita fylgir gjarnan sykursýki af þessari gerð.“



**Birgir Jakobsson landlæknir.**

Í grein í Læknablaðinu í október síðastliðnum fara sjö læknar undir stjórn Karls Andersens læknis hjá Hjartavernd yfir faraldsfræði kransæðasjúkdóma á Íslandi síðustu fimmtíu ár. Þar kemur fram að fækkun ótímabærra dauðsfalla hefur verið mikil og áhættuþættir kransæðasjúkdóma hafa farið batnandi.

Hins vegar hefur vaxandi offita og sykursýki dregið úr ávinningnum síðustu áratugi. „Allt bendir til þess að áframhaldandi aukning í offitu og sykursýki muni leiða til aukningar á dauðsföllum vegna hjarta- og æðasjúkdóma á komandi áratugum,“ segir í greininni.

Notkun sykursýkislyfja hefur farið vaxandi í Skandinavíu undanfarin fimmtán ár. Síðustu áratugi hefur notkunin verið mun minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Hins vegar eykst notkun hér á landi mun hraðar en í Skandinavíu. Þreföldun á fimmtán árum er mun meiri aukning en annars staðar. Á skömmum tíma er lyfjanotkun okkar Íslendinga nú ekki ósvipuð því sem gengur og gerist í Danmörku og Noregi.

Birgir Jakobsson landlæknir segir þessa aukningu hér á landi vera birtingarmynd þess lífsstíls sem við lifum. „Það er hægt að fækka tilfellum af sykursýki 2 með aukinni hreyfingu og mun hollara mataræði en í dag. Því ætti það að vera keppikefli okkar allra að bæta heilsu.“ **sveinn@frettabladid.is**

## Ölvaðir ákærðir fyrir kjafthátt

**LÖGREGLUMÁL** Ákærum fyrir brot gegn valdstjórninni hefur fjölgað mjög frá því refsiramminn var hækkaður árið 2007. Dómar hafa hins vegar ekki þyngst. Verjendum og ákærendum ber saman um að þróunin sé á villigötum og ungmenni og ölvað fólk fái sama dóm fyrir fyllirísröfl og harðsvíraðir glæpamenn fyrir alvarlegar hótanir. Varahéraðssaksóknari vill beita vægari úrræðum fyrir vægari brot, til að knýja á um þyngri dóma í alvarlegri málum. Formaður Landssambands lögreglumanna vill að öll mál séu tekin föstum tökum. **– aá**

## Móttaka fólks er þróunaraðstoð

**ÞRÓUNARMÁL** Hækkun á framlagi Íslands til þróunarmála skýrist að miklu leyti af komu flóttamanna og hælisleitenda til Íslands. Af þeim sjö milljörðum sem Íslendingar veittu til þróunarmála í fyrra er kostnaður við móttöku hælisleitenda um 1,6 milljarðar króna. Kostnaður af komu þessara hópa hingað til lands flokkast einfaldlega sem alþjóðleg þróunarsamvinna. **– sa /** **sjá síðu 6**










## Veður




Norðlæg átt í dag, 8-15, en hvassara við norðurströndina um kvöldið. Éljagangurinn einkum bundinn við norðanvert landið og meira og minna samfelld ofankoma annað kvöld, en lengst af léttskýjað sunnan- og vestanlands.

SJÁ SÍÐU 18

# Skólp lekur í sjó við Faxaskjól

**UMHVERFISMÁL** Vegna viðhalds á skólpdælustöð við Faxaskjól verður óhreinsuðu skólpi sleppt í sjó við stöðina frá og með deginum í dag og til 27. nóvember. Endurnýja á undirstöður sem skólpdælurnar hvíla á en þetta er í fyrsta skipti síðan dælustöðin var gangsett árið 1992 sem það er gert. Til þess að verkið gangi eins hratt og mögulegt er verður unnið á vöktum allan sólarhringinn.

Veitur mælast til þess í tilkynningu að fólk sé ekki í eða við sjóinn í nálægð við dælustöðina á meðan þetta ástand varir. Skilti verður sett upp við dælustöðina sem varar fólk við því að fara í sjó eða fjöru. **– jhh**

# Prestur krefst þess að fá bætur frá Lágafellssókn

**DÓMSMÁL** Séra Skírnir Garðarsson, fyrrverandi prestur í Lágafellssókn í Mosfellsbæ, vill fá bætur frá söfnuðinum vegna ólöglegrar meðferðar á tölvupóstum hans.

Í september úrskurðaði Persónuvernd að þáverandi samstarfsmenn Skírnis í Lágafellssókn, sóknarprestur og framkvæmdastjóri, hafi framsent biskupi tölvupóst frá Skírni með ólögmætum hætti. Í fréttatilkynningu segir að Skírnir hafi nú farið yfir úrskurðinn með ráðgjöfum og lögfræðingi. „Hann vantir þess að heyra frá Lágafellssókn varðandi málið, og uppgjör bóta vegna brotanna, en mun að öðrum kosti kæra málið til yfirvalda og leita réttar síns fyrir dómstólum.“ **– gar**



**Séra Skírnir Garðarsson.**

# Minningarathöfn vegna umferðarslysa



**Minningarathöfn um þá sem hafa látist í umferðarslysum á Íslandi var haldin við þyrlupallinn á Landspítalanum í Fossvogi í gær. Um leið var viðbragðsaðilum, lögreglu, Landhelgisgæslu, björgunarsveitum og heilbrigðisstéttum þakkað fyrir framlag þeirra. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fluttu ávörp.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K. JÓHANNSSON

# Viðræður fara á fullt aftur eftir helgarfrí

**STJÓRNMÁL** Formenn Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknar hittust ekki í gær eins og áformað var, en hlé var gert á fundum síðdegis á föstudag vegna haustfundar Miðstjórnar Framsóknarflokksins sem fór fram á föstudag og laugardag.

Formennirnir töluðu hins vegar saman í síma og settu sér fyrir heimavinnu sem þau unnu hvert í sínu lagi. Viðræðum verður fram haldið í dag og hittast formennirnir nú fyrir hádegi í Ráðherrabústaðnum.

Enn er unnið að því að hnýta lausa enda í málefnasamningi flokkanna en beðið verður með viðræður um skiptingu ráðuneyta þar til í lok viðræðna þegar málefnasamningur flokkanna liggur fyrir.

Búast má við að viðræðum ljúki ekki fyrr en undir lok vikunnar. **– aá**





Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki


# Kjörið viðurkenning fyrir íslenskt golf

Forseti Golfsambands Íslands var um helgina kosinn verðandi forseti Evrópska golfsambandsins. „Viðurkenning fyrir íslenskt golf og velgengni þess síðastliðin 15 ár,“ segir hann. Árið í ár hafi verið besta ár í sögu golfíþróttarinnar á Íslandi.

**ÍÞRÓTTIR** „Það er mikill heiður fyrir mig að vera valinn í þessa áhrifamiklu stöðu,“ segir Haukur Örn Birgisson, forseti Golfsambands Íslands. Hann var um helgina kjörinn næsti forseti Evrópska golfsambandsins, EGA, á aðalfundi samtakanna í Lausanne í Sviss. Haukur Örn mun taka við embættinu árið 2019 af Pierre Bechmann.

„Fyrirkomulagið hjá EGA er þannig að forsetinn er kosinn með tveggja ára fyrirvara þannig að nú mun ég gegna embætti „verðandi forseta“ eða „president-elect“ næstu tvö árin. Svo tek ég við forsetaembættinu árið 2019 og gegni því til ársins 2021.“

Haukur Örn þekkir vel Evrópska golfsambandið en hann sat í mótanefnd EGA á árunum 2010-2014 og hefur setið í framkvæmdastjórn þess frá árinu 2015. Hann varð þá fyrsti Íslendingurinn sem kjörinn er í framkvæmdastjórn EGA.

„Þetta fyrirkomulag gefur mér kost á að kynnast betur störfum forseta sambandsins áður en ég tek sjálfur við embættinu eftir tvö ár. Þetta er vissulega mikill heiður fyrir mig en ekki síður viðurkenning fyrir íslenskt golf og velgengni þess síðastliðin 15 ár. Það er margt spennandi að gerast í evrópsku golfi og ég efast ekki um að þessi aðkoma mín að EGA muni gefa okkur hér á landi enn meiri byr í seglin“, segir Haukur Örn.

Haukur Örn segir að golfíþróttin sé með stærstu íþróttum í Evrópu. „Á Íslandi er þetta næststærsta íþróttin á eftir knattspyrnu og það sama gildir um mörg önnur Evrópuríki.“ Hann segir íþróttina vera vaxandi. „Á Íslandi hefur hún vaxið gríðarlega síðustu fimmtán ár. Við fögnuðum 75 ára afmæli Golfsambandsins á þessu ári og gaman að það skyldi hitta á besta ár í sögu golfhreyfingarinnar. Iðkendur hafa aldrei verið fleiri en í ár og það er jákvæð þróun í mörgum Evrópuríkjum,“ segir Haukur. Á sama tíma glími gamalgrónar golfþjóðir eins og Englendingar og Skotar við vanda, með fækkun skráðra félaga í golfklúbbum. **jonhakon@frettabladid.is**



**Haukur Örn Birgisson, forseti Golfsambandsins, segist ekki efast um að aðkoma sín að EGA muni gefa okkur hér á landi byr í seglin.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvað er Evrópska golfsambandið?

Evrópska golfsambandið var stofnað árið 1937 og er samband 48 golfþjóða innan Evrópu, sem hefur meðal annars það hlutverk að sjá um framkvæmd Evrópumóta og annarra alþjóðlegra keppna, ásamt því að stuðla að framþróun íþróttarinnar í álfunni. Evrópska golfsambandið er regnhlífarsamtök allra golfsambanda í Evrópu. Haukur segir að staða Evrópska golfsambandsins í golfheiminum sé kannski ekki ósvipuð og staða Evrópska knattspyrnusambandsins (UEFA) er í knattspyrnuheiminum.

> **Við fögnuðum 75 ára afmæli Golfsambandsins á þessu ári og gaman að það skyldi hitta á besta ár í sögu golfhreyfingarinnar.**
>
> Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ




Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Stefnt að fundi með íbúum á morgun vegna ástands Öræfajökuls

**ALMANNAVARNIR** Stefnt er að því að Almannavarnir, viðbragðsaðilar og íbúar í Öræfum fundi á morgun um hvernig skuli bregðast við þeim aðstæðum sem upp geta komið vegna hlaups eða eldgoss í Öræfajökli. Óvissustigi vegna ástandsins verður viðhaldið að minnsta kosti þar til á morgun.

Vísindamenn frá Veðurstofunni og Jarðhitastofnun Háskóla Íslands unnu í gær úr gögnum sem sótt voru í tveimur ferðum í og við jökulinn í fyrradag. Mikil óvissa er um hvert framhald atburðarásarinnar getur orðið.

Í yfirlýsingu frá lögreglunni á Suðurlandi segir að fyrir tveimur vikum hafi verið haldnir íbúafundir á svæðinu þar sem farið var yfir verkefni varðandi rýmingar- og viðbragðsáætlanir. Stefnt var að því að halda þeirri vinnu áfram á seinni hluta síðasta árs en vendingar síðustu daga hafa gert það að verkum að allt kapp er lagt á að ljúka þeirri vinnu.

**» Öræfajökull hefur gosið tvisvar á sögulegum tíma, fyrst árið 1362 og síðan árið 1727.**

„Þessir atburðir þýða það að við munum klára ársvinnu á nokkrum dögum,“ segir Víðir Reynisson, verkefnastjóri Almannavarna á Suðurlandi. Almannavarnir sendu frá sér yfirlýsingu með tilmælum í gær en stefnt er að því að meira kjöt verði komið á beinin í dag.

„Við vinnum hörðum höndum að því að safna púsluspilum saman til að fá betri skilning og mynd á hvað er í gangi,“ segir Víðir. **– jóe**

## Fimmtán fórust í troðningi í Marokkó

**MAROKKÓ** Að minnsta kosti fimmtán manns létu lífið í ryskingum bænum Sidi Boualaalam í vesturhluta Marokkó í gær. Flestir hinna látnu eru konur og eldri borgarar.

Atburðurinn átti sér stað þegar verið var að útdeila mat og neyðaraðstoð í bænum. Upp hófst mikil múgæsing með fyrrgreindum afleiðingum. Talið er að um fjörutíu til viðbótar hafi særst í atganginum.

Rannsókn á málinu er hafin en vistirnar komu frá sjálfstæðum hjálparsamtökum. Um 800 manns höfðu safnast saman til að fá mat.

Mohammed VI, konungur Marokkó, segir að ríkið muni veita fjölskyldum hinna látnu og særðu aðstoð vegna málsins. Þá mun hann persónulega greiða kostnað vegna útfara þeirra sem fórust. **– jóe**



**Litlu munaði að pallur vörubílsins færi á bílstjóra strætisvagnsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN ÓLASON

## Strætisvagn ók aftan á pallbíl

**SLYS** Strætisvagn ók aftan á vörubíl á Reykjanesbraut um hádegisbil í gær. Þrír voru fluttir á slysadeild til skoðunar, bílstjóri vörubifreiðarinnar, bílstjóri strætisvagnsins og einn farþegi úr vagninum.

Litlu muna að enn verr færi en aðeins munaði nokkrum sentímetrum að pallur vörubílsins rækist í bílstjóra strætisvagnsins. **– kó, srs**

# Ekkert umburðarlyndi vegna hótana í garð lögreglumanna

**Ákærum og dómum vegna hótana og ofbeldis í garð lögreglu hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Refsiramminn var hækkaður fyrir tíu árum. Málum fjölgar en dómar þyngjast ekki. Saksóknari vill vægari úrræði. Formaður Landssambands lögreglumanna er fastur fyrir og vill að öll mál séu tekin föstum tökum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Einu sinni var það þannig að ef maður sagði löggunni að halda kjafti þá var ekkert hlustað á það. Í dag er ákært fyrir hvert einasta fyllirísröfl,“ segir Stefán Karl Kristjánsson hæstaréttarlögmaður um ákærur og dóma fyrir valdstjórnarbrot.

Refsivernd lögreglumanna var aukin 2007 og refsirammi fyrir brot gegn valdstjórninni hækkaður úr sex í átta ár að hámarki. Síðan þá hefur umburðarlyndi lögreglu gagnvart hvers kyns hótunum og ofbeldi gegn lögreglumönnum snarminnkað og málafjöldi í valdstjórnarbrotum hefur aukist mjög.

Fyrir breytinguna var að jafnaði ákært í innan við helmingi þeirra mála sem kærð voru en eftir breytinguna fjölgaði málum mjög og að meðaltali er ákært í 80 prósentum kærðra mála. Ekki er gerður nægilegur greinarmunur á alvarleika mála í dómaframkvæmdinni að mati viðmælenda Fréttablaðsins.

„Það er orðin til mjög fastmótuð dómvenja um 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hóta lögreglumanni en 60 dagar fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni. Þetta eru mjög vægar refsingar miðað við að refsiramminn er átta ára fangelsi,“ segir Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari og bætir við: „Það mætti hífa refsingar fyrir alvarlegri brotin upp ef við myndum vinsa út þau brot sem eru í rauninni ekki alvarleg,“ segir Kolbrún og vísar til innihaldslausra hótana drukkinna ungmenna í garð lögreglu.

Kolbrún segir að beita megi öðrum og vægari úrræðum eins og ákærufrestun til dæmis í vægum brotum ungmenna á aldrinum 15 til 21 árs og falla frá saksókn þegar menn sýna mikla iðrun.



**Brotum gegn valdstjórninni fjölgar og þolinmæði fyrir fyllirísrugli er lítil.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.**

„Um tíma vorum við með þarna inni valdstjórnarbrotin í sáttamiðlun og það fannst mér mjög gott. Þar komu ungir krakkar inn sem voru að stíga sín fyrstu skref út af sporinu og við erum að reyna að stoppa þá þróun,“ segir Kolbrún og nefnir dæmi um ungmenni í sáttamiðlun sem fékk að eyða tíma með forvarnardeild lögreglu og kynnast störfum og verkefnum lögreglunnar. „Þetta er svo miklu vænlegra til árangurs held ég, varðandi til dæmis virðingu fyrir lögreglunni og störfum hennar,“ segir Kolbrún.

„Við lögðumst alfarið gegn því að hluti þessara mála fari í sáttamiðlunarferli,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna. „Ástæðan er sú að lögreglumaðurinn, sem hótað er, er fulltrúi valdstjórnarinnar. Hann er fulltrúi valds sem honum er falið með lögum. Það er ekki verið að hóta persónunni heldur embættinu. Á þeim forsendum mótmæltum við því að þessi mál fari í svona sáttamiðlun. Við hjá Landssambandi lögreglumanna höfum alltaf lagt á það mikla áherslu að þessi mál séu tekin alvarlega. Það er verið að hóta samfélaginu en ekki persónunni á bak við einkennisfatnaðinn.“

**adalheidur@frettabladid.is**





„Mikill fengur …“
ÞORVALDUR GYLFASON / FRÉTTABLAÐIÐ

„… skemmtileg, vel skrifuð og fróðleg … Þeir sem hafa áhuga á pólitík síðustu hundrað árin eða svo rífa hana í sig.“
SVAVAR GESTSSON / SVAVAR.IS

„… um stórmerkilega ævi og feril, og mjög áhugaverð fyrir alla þá sem eru forvitnir um okkar samtímasögu.“
EINAR KÁRASON / DV

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið virka daga 10–18 | laugardaga 11–15




KIA

The Power to Surprise

## Lifðu lífinu til fulls á Kia Stonic

Kia Stonic er sportlegur borgarjepplingur, fáanlegur með tvílitri yfirbyggingu sem gerir þér kleift að velja litasamsetningu sem er löguð að þínum smekk. Hátt er undir lægsta punkt sem eykur útsýni og aðgengi er þægilegt. Kia Stonic er hlaðinn staðalbúnaði, AEB árekstrarvörn, 17" álfelgur, hiti í stýri og sætum, bakkmyndavél, sjálfvirk loftkæling og margt fleira.

Verð frá **3.140.777** kr.

**Komdu og reynsluaktu Kia Stonic með 7 ára ábyrgð. Hlökkum til að sjá þig.**

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland






Lokað verður á tengingu milli Herjólfsbrautar og Garðahraunsvegar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hjón kæra Garðabæ fyrir að loka vegi

**DÓMSMÁL** Hjón sem búa við Heiðvang í Hafnarfirði hafa kært Garðabæ vegna áforma um að loka vegtengingu á milli sveitarfélaganna.

Í bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála krefjast hjónin þess að deiliskipulag fyrir Garðahraun sem Garðabær samþykkti í haust verði fellt úr gildi hvað snertir lokun vegtengingar milli Herjólfsbrautar og Garðahraunsvegar.

Hjónin segjast hafa verið meðal þeirra sem árangurslaust hafi mótmælt breytingunni á deiliskipulaginu áður en hún var samþykkt. Segja þau breytinguna verulega íþyngjandi fyrir íbúa hverfisins.

„Ekki hafa verið færð nein rök fyrir að loka tengingunni,“ segir í kærunni. Vegur sem hafi verið lagður fyrir opinbert fé og notaður áratugum saman verði ekki lengur í boði fyrir verulegan hluta þeirra sem noti hann daglega.

„Þetta veldur því að umferð um hverfi kæranda verður þyngri og erfiðari þar sem lokað er á mikilvæga tengingu milli samfélaga. Þetta felur í sér veruleg óþægindi fyrir umrætt hverfi með tilheyrandi afleiðingum,“ segja hjónin í kærunni og nefna lækkun fasteignaverðs á svæðinu sem dæmi um hugsanlega afleiðingu.

„Að mati kæranda er hér verið að opna á þróun sem getur ekki talist heppileg þar sem eitt sveitarfélag fer þá leið að loka vegtengingu við annað bæjarfélag án þess að þurfa að taka á nokkurn hátt tillit til hagsmuna íbúanna í hinu sveitarfélaginu,“ segir áfram í kærunni. Hún var lögð fram í bæjarráði Garðabæjar sem fól Gunnari Einarssyni bæjarstjóra meðferð málsins. **– gar**

# Móttaka flóttamanna talin þróunarsamvinna

**Kostnaður af komu hælisleitenda og móttöku flóttamanna hingað til lands flokkast sem alþjóðleg þróunarsamvinna. Hækkun á framlagi til þróunarmála skýrist að miklu leyti af komu flóttamanna og hælisleitenda hingað til lands.**

**UTANRÍKISMÁL** Kostnaður af komu hælisleitenda og móttöku flóttamanna hingað til lands flokkast sem alþjóðleg þróunarsamvinna. Af þeim sjö milljörðum sem Íslendingar veittu til þróunarmála í fyrra er kostnaður við móttöku hælisleitenda um 1,6 milljarðar króna.

Árið 2015 vörðu Íslendingar 5,2 milljörðum króna til þróunarsamvinnumála. Ári seinna voru framlög stjórnvalda komin upp í sjö milljarða. Hækkun málaflokksins ræðst að miklu leyti af þremur liðum. Móttaka hælisleitenda hækkaði um 1.150 milljónir milli ára en einnig varð hækkun í málaflokknum um móttöku flóttafólks. Í þriðja lagi greiddi íslenska ríkið 150 milljónir króna í stofnframlag asíska þróunarbankans AIIB.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir flest öll ríki innan nefndar OECD um þróunarsamvinnumál fara eins að í þessum efnum. „Þróunarsamvinnunefnd OECD setur reglur hvað þetta varðar. Langflest lönd innan nefndarinnar hafa þennan háttinn á. Við verðum að vera samanburðarhæf hvað tölurnar varðar,“ segir Guðlaugur Þór. „Við getum líka fært rök fyrir því að móttaka flóttamanna frá öðrum svæðum heimsins er að sönnu þróunaraðstoð þar sem íslensk stjórnvöld veita einstaklingum betra líf og betri aðstæður en þeir ella hefðu fengið án aðstoðar íslenskra stjórnvalda.“

### Framlög Íslands til þróunarmála.

| | |
|---|---|
| 2012 | 3.268 milljónir |
| 2013 | 4.264 milljónir |
| 2014 | 4.461 milljónir |
| 2015 | 5.257 milljónir |
| 2016 | 7.072 milljónir |

### Kostnaður vegna hælisleitenda

| | |
|---|---|
| 2014 | 333,6 milljónir |
| 2015 | 491,9 milljónir |
| 2016 | 1.634 milljónir |

### Umsókn um hæli hér á landi síðustu þrjú ár.

| | |
|---|---|
| 2017* | 965 |
| 2016 | 1.132 |
| 2014 | 354 |

*Fyrstu tíu mánuði ársins.*

Steinunn Þóra Árnadóttir, fulltrúi VG í þróunarsamvinnunefnd utanríkisráðuneytisins, segir Ísland ekki gera nægilega vel í þessum efnum. „Þetta er eitt af því sem rætt hefur verið í nefndinni. En þetta er leyfilegt samkvæmt reglunum. Ég hef bent á að þó það sé leyfilegt þýði það ekki endilega að það eigi að viðhafa þessi vinnubrögð. Ég setti spurningamerki við þetta vinnulag. Því þarna þurfum við að gera betur.“



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Framlög til hælisleitenda hafa því hækkað framlög okkar til þróunarsamvinnu án þess að pólitískur vilji sé endilega fyrir þeirri hækkun. Ísland hefur samt sem áður skuldbundið sig til að hækka framlögin upp í 0,7 prósent af vergri landsframleiðslu eða á annan tug milljarða króna að núvirði.

„Þjóðartekjur okkar hafa aukist gríðarlega á síðustu árum og því er ekki raunhæft að ætla á mjög skömmum tíma að komast að umræddu viðmiði um að leggja 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum til þróunarmála,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

„Útgjöld til þróunarmála hafa að sama skapi aukist gríðarlega á mjög skömmum tíma, eða úr þremur milljörðum í sjö á fáum árum. Ef við ætluðum að ná markmiðinu þyrftum við að auka framlögin um þrettán milljarða króna sem er nánast sama upphæð og við leggjum til alls málaflokksins sem er utanríkismál. Því þurfum við að gera þetta í skrefum og markmið okkar eru klár í þeim efnum,“ segir hann.

**sveinn@frettabladid.is**

RANGE ROVER EVOQUE

# EINSTAKUR OG GLÆSILEGUR SPORTJEPPI

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

**RANGE ROVER SE DYNAMIC**
**dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.590.000 kr.**

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Vill kjósa á ný um Brexit



Lloyd Blankfein, bankastjóri Goldman Sachs.

**ENGLAND** Bankastjóri bandaríska stórbankans Goldman Sachs, Lloyd Blankfein, hefur á Twitter-síðu sinni hvatt til þess að haldin verði ný þjóðaratkvæðagreiðsla í Bretlandi um Brexit, útgönguna úr Evrópusambandinu.

Goldman Sachs hefur þegar tilkynnt að hundruð starfa verði flutt frá London þegar Bretar ganga úr Evrópusambandinu. Blankfein segir marga vilja atkvæðagreiðslu sem sýni hvort það sé í raun grundvöllur fyrir jafn afgerandi og óafturkallanlegri ákvörðun. Margt sé í húfi. Hvers vegna ekki að tryggja að þjóðin styðji enn Brexit? spyr bankastjórinn. Fleiri aðilar hafa hvatt til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð. **– ibs**






Það mátti greina mikla ánægju á miðstjórnarfundi Zanu-PF þegar forsetinn var settur af. NORDIC PHOTOS/AFP

# Settur af sem formaður en hyggst sitja áfram

**Forseta Simbabve bíður vantraustsyfirlýsing síðar í dag segi hann ekki af sér af sjálfsdáðum. Skautaði fram hjá aðstæðum í ávarpi í gærkvöldi. Eiginkona hans og samstarfsmenn hennar hafa verið rekin með skömm úr stjórnarflokknum.**

**SIMBABVE** Robert Mugabe, forseta Simbabve, hafa verið settir afarkostir. Annaðhvort segi hann af sér sem forseti landsins af sjálfsdáðum eða verði ella hrakinn úr embætti með vantrausti þingsins. Mugabe hefur verið gefinn frestur til miðdegis í dag til að segja af sér.

Forsetinn ávarpaði þjóð sína í beinni útsendingu í ríkissjónvarpinu seint í gærkvöldi. Flestir bjuggust við því að í ávarpinu myndi hann segja af sér en öldungurinn skautaði alfarið fram hjá því.

„Við verðum að læra að fyrirgefa og jafna ágreining, raunverulegan jafnt sem tilbúinn, í þeim anda sem Simbabve hefur vanist. [...] Ég er sannfærður um, að frá og með kvöldinu í kvöld muni landið okkar setja stefnuna fram á við,“ sagði Mugabe í ávarpinu.

Hann lauk því á orðunum „þakka ykkur og góða nótt“ en þá hafði hann ekki minnst einu orði á mögulega



Robert Mugabe, forseti Simbabve.

afsögn eða þá pressu sem flokkurinn hafði sett á hann.

Simbabve hefur verið í hers höndum frá því um miðja síðustu viku. Hermenn á skriðdrekum óku þá inn í höfuðborgina Harare og settu forsetann í stofufangelsi. Í raun var um byltingu að ræða. Ástæðan fyrir aðgerðinni var sú að forsetinn rak varaforseta sinn, Emmerson Mnangagwa, úr embætti auk þess sem aðrar hreinsanir Mugabe í Zanu-PF fóru illa í herinn.

„Við komum saman hér í dag af illri nauðsyn. Eiginkona Mugabe og þeir sem standa henni næst hafa nýtt sér bágt ástand forsetans til að skara eld að sinni köku,“ sagði Opert Mpofu, innanríkisráðherra, á miðstjórnarfundi Zanu-PF í gær. „Ég býð ykkur velkomna á þennan sögulega fund sem mun marka þáttaskil, ekki aðeins fyrir land vort heldur einnig fyrir flokkinn.“

Fundurinn samþykkti yfirlýsingu þar sem Mugabe var settur af sem formaður og Mnangagwa gerður að formanni í hans stað. Að auki voru áðurnefndir afarkostir samþykktir af fulltrúum fundarins og Grace Mugabe, eiginkona forsetans, rekin með skömm úr flokknum ásamt sínum helstu samstarfsmönnum.

Um helgina flykktist fólk út á götur og fagnaði því að valdatíð hins 93 ára gamla Mugabe væri brátt á enda. Ekki er langt síðan að slíkt hefði þótt óhugsandi. Mugabe hefur stýrt landinu, fyrst sem forsætisráðherra og síðar sem forseti, frá því að Simbabve fékk sjálfstæði frá Bretum árið 1980.

**johannoli@frettabladid.is**






Angela Merkel mætir til fundar í Baden-Württemberg um helgina. Merkel hefur verið kanslari í tólf ár og stefnir á fjögur ár í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Framlenging til að afstýra nýjum þingkosningum

**ÞÝSKALAND** Fulltrúar Kristilegra demókrata og systurflokks hans, Frjálslyndra demókrata, og Græningja funduðu langt fram á kvöld í gær í þeirri von að geta hafið formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Náist slíkt samkomulag ekki verður að boða til nýrra kosninga í Þýskalandi. Niðurstaða fundarins lá ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prent.

Óformlegar viðræður flokkanna, sem kallaðar hafa verið Jamaíkuflokkarnir þar sem einkennislitir þeirra eru hinir sömu og í þjóðfána Jamaíku, hafa staðið yfir í rúmar þrjár vikur. Síðasta fimmtudag var gefið út að fundað skyldi til þrautar og að niðurstaða myndi liggja fyrir degi síðar. Það gekk ekki eftir og héldu fundahöld áfram alla helgina.

„Viðræðurnar sigla hraðbyri í framlenginguna,“ sagði Cem Özdemir, formaður Græningja, þegar fundarhlé var gert síðastliðinn föstudag.

Þingkosningar fóru fram í Þýskalandi 24. september síðastliðinn. Ríkisstjórnarflokkarnir Kristilegir demókratar og Sósíaldemókrataflokkurinn héldu meirihluta sínum á þinginu en síðarnefndi flokkurinn hlaut sína verstu kosningu frá stríðslokum. Útilokaði flokkurinn af þeim sökum þátttöku í ríkisstjórn.

Verði niðurstaðan sú að ekki sé grundvöllur fyrir formlegum viðræðum krefst stjórnskipan Þýskalands þess að boðað sé til nýrra kosninga. Enginn flokka á þingi er spenntur fyrir þeirri niðurstöðu, þó helst þjóðernissinnaði flokkurinn AfD. **– jóe**



Nýr Tiguan
á ómótstæðilegu
haustverði.
Vetrarpakki með 50% afslætti
býðst með öllum Tiguan til áramóta:
• Vetrardekk 110.000 kr.
• Dráttarkrókur 165.000 kr.
• Gúmmímotta í farangursrými 25.000 kr.
Samtals 300.000 kr. með 50% afslætti
150.000 kr.
Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.
Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2017
Tiguan Offroad
• „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Loftkæling
• Akreinavari
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Leðurklætt aðgerðastýri
• Þakbogar
• Bakkmyndavél
• Montana 17" álfelgur
Tilboðsverð
4.990.000 kr.
Listaverð 5.490.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TSI
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta
Tilboðsverð
5.490.000 kr.
Listaverð 5.890.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TDI
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG7
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta
Tiguan Comfortline +
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• LED aðalljós
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Þrískipt tölvustýrð loftkæling
• Akreinavari
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Hiti í stýri
• Dökkar rúður að aftan og í afturhlera
• Þriggja svæða loftkæling
• Þakbogar
• Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
• Montana 17" álfelgur
• Rafmagnshleri
• Lyklalaust aðgengi
• Aðfellanlegir speglar
5.990.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TSI
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta
6.390.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TDI
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG7
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Gagnaleki



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Aðgengi fjölmiðla að upplýsingum og ábyrg meðhöndlun þeirra er lykilforsenda starfhæfs lýðræðis. Ríki sem stýra upplýsingum út frá hagsmunum valdhafa, útvalinna stétta, fyrirtækja og einstaklinga og beina þeim upplýsingum í gegnum þeim þjónkandi fjölmiðla eru einfaldlega spillt. Markmið slíkra aðgerða er alltaf að vera að villa um fyrir kjósendum eða leyna þá sannleikanum og hafa þannig óeðlileg áhrif á framgang lýðræðisins.

Síðastliðinn laugardag birti Morgunblaðið hið margfræga símtal Geirs H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, og Davíðs Oddssonar, þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands en núverandi ritstjóra þessa sama fjölmiðils. Í símtalinu kemur fram það sem reyndist vera vond ákvarðanataka tveggja manna og átti eftir að verða þjóðinni dýr en þrátt fyrir allt er það ekki stóra málið.

Stóra málið er að samtalið skuli birt nú og með þessum hætti. Íslenskir fjölmiðlar hafa lengi kallað eftir því að þetta mikilvæga samtal verði birt almenningi. Enginn fjölmiðill hefur sótt það af viðlíka eftirfylgni og vefmiðillinn Kjarninn og það jafnvel með því að stefna Seðlabankanum með tilheyrandi kostnaði. Eftirfylgni Kjarnans ber með sér skýran vilja til þess að upplýsa þjóðina að fullu um það hvað gerðist í efnahagshruninu en hún felur líka í sér þá staðreynd að upplýsingar á borð við umrætt samtal eru verðmæti. Í þessu tilviki verðmæti sem Seðlabanki Íslands var reiðubúinn til þess að verja fyrir dómstólum með tilheyrandi kostnaði.

Morgunblaðið hefur hvorki falast eftir afriti af umræddu samtali frá Seðlabankanum né fengið það afhent. Því er óhjákvæmilegt annað en að álykta að ritstjóri Morgunblaðsins hafi haft það á brott með sér með ólögmætum hætti – gögn tilheyra stofnunum og fyrirtækjum en ekki starfsmönnum – þegar hann var rekinn frá SÍ. Birting samtalsins nú veldur Kjarnanum fjárhagstjóni en staðfestir líka svo ekki verður um villst að valdhafar á borð við Davíð Oddsson eru reiðbúnir til þess að stýra upplýsingum eftir eigin hagsmunum fremur en almennings. Veita kjósendum upplýsingar eftir hentistefnu og óumflýjanlegri nauðsyn fremur en opinni og ábyrgri upplýsingastefnu.

Að samtalið skuli dúkka upp í Morgunblaðinu á þessum tíma og með þessum hætti, án allrar staðfestingar um að það sé birt í heild sinni eða rétt með farið, er einstakt dæmi um gagnaleka í íslenskri stjórnsýslu. Gagnalekar sem hafa þann tilgang að upplýsa almenning um sitthvað misjafnt, jafnvel lögbrot, í störfum og fjármálum ráða- og efnamanna hafa löngu sannað mikilvægi sitt fyrir framgang lýðræðisins. En að hafa á brott með sér upplýsingar frá ríkisstofnun, þegar viðkomandi er sagt upp störfum, til þess að nýta þær upplýsingar svo eftir hentugleika jafnvel mörgum árum síðar, er eitthvað allt annað. Eitthvað sem hvorki Seðlabankinn né íslenskir kjósendur eiga lengur að þurfa að þola af völdum hinna yfirgangssömu sérhagsmunaafla sem of lengi hafa hér svo gott sem öllu ráðið. Það er mál að linni.

**Eitthvað sem hvorki Seðlabankinn né íslenskir kjósendur eiga lengur að þurfa að þola af völdum hinna yfirgangssömu sérhagsmunaafla sem of lengi hafa hér svo gott sem öllu ráðið.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Iðjusemin**

**Greint var frá því á dögunum að nýkjörnir þingmenn hefðu sótt námskeið á Alþingi til að fræðast um framtíðarvinnustaðinn. Að öðru leyti vitum við lítið um það hvað þingmenn hafa verið að sýsla við upp á síðkastið. Fyrir utan þingmenn Pírata, þá Helga Hrafn Gunnarsson og Smára McCarthy, sem nýttu helgina til þess að hjálpa tölvufyrirtækinu 1984 við að endurheimta gögn sem fyrirtækið tapaði og varð til þess að fjöldi vefsíðna liggur enn niðri. Verðum við ekki að fagna því að drengirnir hafi eitthvað að við að vera þangað til Alþingi kemur saman?**

**Gagnrýnin**

**Þeir Þorsteinn Víglundsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eru ekki bjartsýnir á þá ríkisstjórn sem er í fæðingu. Báðir lýstu þeir viðhorfum sínum á Bylgjunni í gær. „Þetta er svo sannarlega ekki stjórn sem byggist á einhverri tiltekinni pólitískri stefnu eða skýrri framtíðarsýn,“ sagði Sigmundur Davíð. Það er kannski mikilvægt fyrir stjórnmálamenn að geta tekið skýra afstöðu til pólitískra andstæðinga. En væri ekki eðlilegt að leyfa stjórninni að verða til og sýna á spilin sín áður en tekin er afstaða til stefnumálanna?**

jonhakon@frettabladid.is

# Alþjóðlegur dagur barna – Til hamingju með daginn



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Alþjóðlegur dagur barna er haldinn hátíðlegur í dag 20. nóvember. Dagurinn er jafnframt afmælisdagur barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var þennan dag árið 1989. Ísland hefur verið skuldbundið af sáttmálanum í meira en 25 ár, en hann var lögfestur hér á landi árið 2013.

Þó að staða barna sé sterk hér á landi í alþjóðlegu samhengi eigum við talsvert í land að tileinka okkur þann breytta hugsunarhátt sem í sáttmálanum felst. Þannig virðist oft gleymast að börn eigi sjálfstæð mannréttindi, hafi rétt til að hafa áhrif á eigið líf og samfélagið almennt. Í sumar tók ég við starfi umboðsmanns barna en hlutverk embættisins er að stuðla að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni þeirra, þarfir og réttindi á öllum sviðum samfélagsins.

Í nánast hverri viku frétti ég af málefnum barna í viðkvæmri stöðu; börn sem glíma við kvíða eða geðræn vandamál og fá ekki viðeigandi þjónustu; fötluð börn sem ekki fá skólavist á sama tíma og jafnaldrar þeirra; börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi og einelti; börn sem verða miðja átaka foreldra við skilnað; börn sem búa við fátækt svo dæmi séu tekin. Með öðrum orðum börn sem verða útundan í samfélagi okkar með einum eða öðrum hætti. Staða þessara barna og viðbrögð við henni er hinn raunverulegi mælikvarði á það hversu alvarlega við lítum þau réttindi sem þau eiga samkvæmt barnasáttmálanum.

Á síðustu árum hafa mörg jákvæð skref verið tekin í átt að bættum hag barna en við getum gert mun betur. Kosningar til Alþingis eru nýafstaðnar og viðræður standa yfir um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ég hvet þá sem nú hafa verið kosnir til trúnaðarstarfa á löggjafarþinginu til næstu fjögurra ára og þá sem munu leiða nýja ríkisstjórn að tryggja að þau réttindi sem barnasáttmálinn veitir börnum séu raunverulega virk í framkvæmd. Hlustum á börn og setjum hagsmuni þeirra í forgang!

**Hlustum á börn og setjum hagsmuni þeirra í forgang!**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekkert um okkur án okkar



**Jökull Ingi Þorvaldsson**
fyrir hönd Ungmennaráðs UNICEF á Íslandi



Fullorðið fólk telur sig of oft vita hvað er börnum fyrir bestu og hvað þau vilja, frekar en þau sjálf. Færni barna til þess að ákveða sjálf hvað þau vilja er stórlega vanmetin og raddir barna eru alltof oft hunsaðar í málum sem varða þau í okkar samfélagi. Við viljum öll gera það sem er börnum fyrir bestu. Greiðasta og áhrifaríkasta leiðin til þess er að hlusta og taka mark á því sem við segjum. Því er mikilvægt að raddir barna og ungmenna fái að heyrast og að fullorðna fólkið hlusti.

Alltof mörg dæmi eru til um það að fullorðið fólk hunsi rödd ungs fólks í málum sem varða þau og er það aðallega í menntamálum en við erum að stefna í rétta átt þó hægt gangi. Ég hef heyrt of mikið af sögum og upplifað sjálfur aðstæður þar sem ráðamenn sitja fundi með ungmennum og sýna vanvirðingu og áhugaleysi sem þeir myndu aldrei komast upp með í öðrum aðstæðum, og noti ungmenni oft aðeins sem pólitískan sýningargrip.

Orðtakið „Ekkert um okkur án okkar“ er orðtak sem við sem berjumst fyrir réttindum barna notum mikið. Sorglegt en satt tíðkast sá siður hjá ráðamönnum að taka ákvarðanir sem varða okkur án nokkurs samráðs við ungmenni. Fer það oft ekki vel í okkur ungmennin því þetta er okkar framtíð, ekki þeirra og látum við því ekki kyrrt liggja.

**Hvert barn hefur mikið fram á að færa sem er ástæða þess að við í ungmennaráði UNICEF hvetjum ykkur foreldra, ráðamenn, forseta, kennara og allt fullorðið fólk til að gefa börnunum orðið og heyra hvað þeim liggur á hjarta.**

Til dæmis má nefna þær ótal ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi samræmdu prófin og styttingu framhaldsskóla í fyrra án samráðs við ungmenni. Eftir það atvik hafa hlutirnir breyst en við eigum enn þá mikið verk fyrir höndum og er boltinn núna hjá ráðamönnum. Þeir þurfa að taka sig á og bæta það landslag sem við höfum núna verulega.

Taka má til fyrirmyndar Menntamálastofnun sem á síðasta ári stofnaði ungmennaráð Menntamálastofnunar. Þó það sé ennþá ekki fullmótað gengur það vel fyrir sig og er á réttri leið. Er ungmennaráðið ennþá frekar ungt en það hefur strax sýnt fram á mikilvægi þess að hafa samstarf við ungmenni. Þetta er dæmi um vinnubrögð sem aðrar opinberar stofnanir ættu að temja sér því við höfum margt, margt fram á að færa.

Það er löngu tímabært að við hlustum á það sem börn, unglingar og ungmenni hafa að segja. Það erum jú við sem erfum þennan heim. Hvert barn hefur mikið fram að færa sem er ástæða þess að við í ungmennaráði UNICEF hvetjum ykkur foreldra, ráðamenn, forseta, kennara og allt fullorðið fólk til að gefa börnunum orðið og heyra hvað þeim liggur á hjarta.

# Dagur mannréttinda barna er í dag



**Erna Reynisdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Þann 15. mars 2016 var samþykkt þingsályktun á Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna, en sá dagur er afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið af þáverandi innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins.

Í tilefni af degi mannréttinda barna í ár opnuðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi mannréttindasmiðju fyrir öll börn allt frá leikskóla og upp í framhaldsskóla hvaðanæva af landinu. Send voru bréf til kennara til að hvetja þá til þátttöku sem fólst í því að vinna skapandi verkefni um mannréttindi barna og senda inn í fjársjóðskistu á vegum Barnaheilla.

Þetta árið var lögð sérstök áhersla á réttindi allra barna til þátttöku, að láta skoðanir sínar í ljós og að hafa áhrif, eins og segir í 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Yfirskrift mannréttindasmiðjunnar 2017 er því Raddir barna. Mannréttindasmiðjan er ekki keppni heldur eins konar samsýning og samfélagsþátttaka þar sem lögð er áhersla á samvinnu og að hvert og eitt barn fái að njóta sín á eigin forsendum.

Í dag verður fjársjóðskistan með verkum barnanna opnuð formlega á vefnum http://www.barnaheill.is/dagurmannrettindabarna. Þaðan geta þau börn sem hafa aldur til deilt verkum sínum og foreldrar deilt verkum barna sinna að fengnu samþykki þeirra og hvetjum við til að myllumerkið #dagurmannrettindabarna verði notað. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á sömu vefslóð. Barnaheill hvetja alla leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla til að nýta Dag mannréttinda barna til að fjalla um og fræða nemendur um mannréttindi sín.



**L-Mesitran Ointment**
Bakteríueyðandi smyrsli sem inniheldur 48% lækningahunang, lanolin (ofnæmisprófað), aloe, calendula, sink oxíð og andoxunarefnin C- og E-vítamín. Fjarlægir drep og lífvana úrgang úr sári. Hulið með þörungum, trefjum (hydrofiber), svampi eða grisjum. Skipta þarf um smyrsli eftir 1-3 daga.

**L-Mesitran Soft**
Bakteríueyðandi gel sem inniheldur 40% lækningahunang, lanolin (ofnæmisprófað), PEG og andoxunarefnin C- og E-vítamín. Notað á öll yfirborðssár og djúp sár. Hulið með svampi, þörungum, trefjum eða grisjum. Skipta þarf um gel eftir 1-3 daga.

**L-Mesitran Tulle**
Hydro-active bakteríueyðandi millilag sem inniheldur L-Mesitran Soft. Festist ekki í sári. Notað á lítið til meðal vessandi sár. Hulið með rakadrægum umbúðum og fest með plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

**L-Mesitran Hydro**
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður og vatn. Notað á yfirborðssár. Tolla við húð en þarf að festa með grisju eða plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

**L-Mesitran Border**
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður, vatn og eru með límkant. Notað á yfirborðssár. Sjálflímandi, má fara með í sturtu eða sund. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

**L-Mesitran Active**
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður, vatn og eru með límkant. Notað á lítil yfirborðssár. Sjálflímandi, má fara með í sturtu eða sund. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

**L-Mesitran Net**
Hydro-active baktreíueyðandi millilag sem inniheldur 20% lækningahunang, fjölliður og vatn. Notað á lítið til mikið vessandi sár. Hulið með rakadrægum umbúðum eða grisjum og fest með plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran®

# L-Mesitran Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Williams & Halls lyfjafyrirtæki kynnir sáravörurnar frá L-Mesitran en allar vörurnar innihalda sérstakt lækningahunang. Hunang hefur verið notað í sáragræðslu í þúsundir ára og eru til fjölmargar rannsóknir sem sýna fram á góðan árangur hunangs í sárameðferð. Hunangið sem notað er í L-Mesitran vörurnar er geislað og er laust við allt skordýraeitur.

**Helstu eiginleikar L-Mesitran:**

1. **Bakteríueyðandi**
2. **Bólgueyðandi**
3. **Hreinsar sár og minnkar lykt**
4. **Örvar sáragræðslu**
5. **Árangursríkt án mikils kostnaðar**

Þegar L-Mesitran vörurnar komast í snertingu við sár, þá dregur hunangið vökva úr nærliggjandi vefjum með osmósu. Við það breytist umhverfi sársins á jákvæðan hátt og flýtir fyrir sáragræðsluferlinu. L-Mesitran vörurnar innihalda jafnframt C- og E-vítamín en þessi andoxunarefni eru talin stuðla að nýmyndun æða í sárabeðinu, örva kollagenframleiðslu, ýta undir fjölgun frumna og flutning þeirra. Það er því ekki einungis hunangið í L-Mesitran sem stuðlar að hraðri sáragræðslu heldur einnig hjálparefnin. L-Mesitran hentar á allar gerðir sára t.d. sykursýkissár, legusár, sýkt sár, æðasár, krabbameinsútvexti og brunasár (nema 3°bruna). Vörurnar eru einfaldar í notkun en smyrslið og gelið er borið beint á sárið og umbúðir síðan yfir.

**Rétt er að benda á að leita ráða hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi ef þörf krefur og eins ef mikil sýking er í sári.**

Williams & Halls




Fæst í helstu apótekum. Nánari upplýsingar á **www.wh.is**



Sigurreifur. Björn Lúkas fagnar hér einum af sigrum sínum á HM áhugamanna í MMA sem fram fór í Barein. MYND/JORDEN CURRAN/ IMMAF

# Ég á heima meðal þeirra bestu

**Bardagakappinn Björn Lúkas Haraldsson kemur heim með silfur af heimsmeistaramóti áhugamanna í MMA. Grindvíkingurinn sló í gegn á mótinu þar sem hann pakkaði andstæðingum sínum saman.**

**MMA** Björn Lúkas Haraldsson fór á kostum á HM áhugamanna í blönduðum bardagalistum, MMA, sem kláraðist um nýliðna helgi í Barein. Þar fór Mjölnismaðurinn alla leið í úrslit í millivigtinni.

Þar mætti hann Svíanum Khaled Laallam í úrslitum og varð að sætta sig við tap á dómaraúrskurði. Björn Lúkas flaug alla leið inn í úrslit en hann kláraði alla andstæðinga sína í fyrstu lotu áður en hann lenti í klóm Svíans.

„Ég er alveg í skýjunum með þetta. Hef ekki verið í þessu sporti lengi, fékk stórt tækifæri og gæti ekki verið sáttari,“ segir hinn 22 ára gamli Björn Lúkas er íþróttadeild heyrði í honum eftir mótið.

„Ég var ekki að búast við neinu sérstöku fyrir þetta mót. Renndi blint í sjóinn þannig séð og ætlaði bara að gera mitt besta. Þetta gekk svo bara ótrúlega vel hjá mér. Ég fór bara eftir flæðinu hverju sinni og er sterkur alls staðar þó svo ég hafi klárað flesta bardagana á armlás.“

### Svíinn var betri

Eftir að hafa klárað fjóra bardaga á samtals sjö og hálfri mínútu kom að því að Björn Lúkas fór allar þrjár loturnar í úrslitabardaganum.

„Mér fannst ég hafa unnið fyrstu lotuna þar sem ég reyndi stíft að klára bardagann. Svo tók hann seinni tvær loturnar. Helvíti sterkur og flottur gaur. Hann var bara betri þennan dag og átti skilið að vinna,“ segir Björn Lúkas auðmjúkur.

„Nú veit ég hvar ég stend í þessum bransa. Ég á alveg heima meðal þeirra bestu. Ég mætti hingað með tvo bardaga á bakinu og sá fyrsti var fyrir hálfu ári. Nú veit ég að ég á fullt erindi í þetta.“

Þó svo Björn Lúkas sé ekki búinn að vera lengi í MMA þá kom hann inn í íþróttina með flottan bakgrunn.

„Ég hef æft MMA í tvö ár en á undan því var ég í júdó, tækvondó, brasilísku jiu-jitsu og hnefaleikum. Ég kom því með sterkan grunn sem þurfti að púsla saman í MMA,“ segir okkar maður en hann ætlar sér stóra hluti í íþróttinni á næstu árum.

### Ætlar alla leið

„Ég ætla bara að slaka á núna og svo ákveða næsta skref hjá mér. Lokamarkmið hjá mér að fara alla leið og það hefur alltaf verið þannig. UFC eða Bellator. Það eru líka stór samtök hérna úti í Barein og það var flott sýning hjá þeim. Ég er búinn að skapa mér nafn núna og hver veit nema mér verði boðið aftur út hingað.“

Grindvíkingurinn er búinn að næla sér í mikla reynslu á þessu móti og líka í því að tala við fjölmiðla sem er fylgifiskur þess að ná árangri. Hann þurfti að mæta á blaðamannafundi og fannst það mjög erfitt.

„Það var eiginlega erfiðara en að berjast. Mér hefur sjaldan liðið eins óþægilega. Þarna var ég kominn út fyrir þægindarammann minn,“ segir Björn Lúkas og hlær en það verður spennandi að fylgjast með honum á komandi árum.

henry@frettabladid.is



Júlían vinnur heimsmeistaratitil á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### JÚLÍAN HEIMSMEISTARI

Kraftlyftingamaðurinn Júlían J. K. Jóhannsson varð um helgina heimsmeistari í réttstöðulyftu annað árið í röð.

Júlían lyfti 370 kílóum, sem dugði til sigurs í greininni. Júlían reyndi við 400 kg, sem er heimsmetið í greininni, en án árangurs. Okkar maður var með 1.060 kg í samanlögðum árangri sem skilaði honum bronsi í yfirþungavigt (+120 kg flokki).

